

# Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2020, föstudaginn 14. ágúst kl. 09:18, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 784. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson og Helena Stefánsdóttir.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Ólafur Melsted, Björn Ingi Edvardsson, Ingvar Jón Bates Gíslason, Sólveig Sigurðardóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Lilja Grétarsdóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

## Þetta gerðist:

- Háaleitisbraut 52-56, (fsp) nr. 52 - setja** (01.284.4) Mál nr. SN200346  
*ledd ljóskastara á gafl hússins* Skjalnr. 11498  
Stefán Albertsson, Háaleitisbraut 52, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Stefáns Albertssonar dags. 25. mars 2020 ásamt greinargerð dags. 15. maí 2020 um að setja ledd ljóskastara á norðurgafli hússins nr. 52 á lóð nr. 52-56 við Háaleitisbraut.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
- Laugavegur 54B, (fsp) skipta einbýlishúsi í** (01.173.1) Mál nr. SN200377  
*tvær íbúðir* Skjalnr. 14309  
Eysteinn Már Sigurðsson, Hverfisgata 104A, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Eysteins Márs Sigurðssonar dags. 9. júní 2020 um að skipta einbýlishúsi á lóð nr. 54B við Laugaveg í tvær íbúðir.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
- Austurheiðar, rammaskipulag** (04.4) Mál nr. SN170877  
Skjalnr. 10771

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju tillaga Landmótunar dags., 20. apríl 2020, f.h. umhverfis- og skipulagssviðs að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar. Megin markmið skipulagsins felst í því að skapa fjölbreytt og aðgengilegt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa og ólíka notendahópa. Einnig er lagður fram tölvupóstur Minjastofnunar Íslands dags. 8. júlí 2020 þar sem óskað er eftir auknum fresti til að skila inn umsögn. Tillagan var kynnt til og með 5. ágúst 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir/ábendingar/umsögn: Mosfellsbær dags. 19. júní 2020, Karl Bernburg dags. 22. júní 2020, Gylfi Sigurðsson dags. 23. júní 2020, Kristín Harðardóttir dags. 24. júní 2020, Reiðveganefnd Fáks dags. 25. júní 2020, Vegagerðin dags. 25. júní 2020, Umhverfisstofnun dags. 22. júní 2020, Brynja Margrét Kjærnested dags. 5. júlí 2020, Úlfur Ómarsson dags. 5. júlí 2020, Félag ábyrga hundaeigenda dags. 6. júlí 2020, Grímur Enard dags. 6. júlí 2020, Mosfellsbær dags. 6. júlí 2020, Guðmundur S Johnsen f.h. stjórnar Græðis dags. 6. júlí 2020, Helena Bergsdóttir dags. 7. júlí 2020, Bjarki Pálsson dags. 7. júlí 2020, Sveinn Atli Gunnarsson dags. 7. júlí 2020, Dagný Bjarnadóttir f.h. hestamannafélagsins Fáks dags. 7. júlí 2020, Bergljót Rist dags. 7. júlí 2020, Ingi Erlingsson dags. 7. júlí 2020, Þórdís Gísladóttir og Snæbjörn Pálsson dags. 7. júlí 2020, Landsamband hestamannafélaga dags. 7. júlí 2020, Skipulagsstofnun dags. 10. júlí 2020, Veitur dags. 10. júlí 2020, Minjastofnun Íslands dags. 23. júlí 2020, Karl Bernburg dags. 31. júlí 2020, Þórir J. Einarsson dags. 3. ágúst 2020, Harpa Sigmarsdóttir dags. 10. ágúst 2020 og Ásgeir Sæmundsson dags. 10. ágúst 2020.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

4. **Blikastaðavegur 2-8, (fsp) breyting á** (02.4) Mál nr. SN200456  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 7976  
531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvégi 152, 104 Reykjavík  
581011-0400 Korputorg ehf., Tunguhálsi 6, 110 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Arkís arkitekta ehf., dags. 15. júlí 2020, ásamt bréfi dags. 10. ágúst 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðarinnar nr. 2-8 við Blikastaðaveg sem felst í að skipta lóðinni upp í 3 lóðir og að samhliða þeirri uppskiptingu yrði endurskoðun byggingarreita, skilmála, bílastæðakrafna og byggingarheimilda, samkvæmt uppdr. Arkís arkitekta 13. júlí 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
5. **Grafarlækur-Stekkjarmóar-Djúpadalur,** (04.14) Mál nr. SN200386  
*breyting á deiliskipulagi vegna reits e3* Skjalnr. 8869  
710178-0119 T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík  
580169-7409 Golfklúbbur Reykjavíkur, Pósthólf 12067, 132 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. júlí 2020 var lögð fram umsókn T.ark Arkitekta ehf. dags. 15. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grafarlækjar-Stekkjarmóa-Djúpadals. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit e3 í suðurátt til að rúma verkstæði og vélageymslu ásamt aukningu á byggingarmagni, samkvæmt uppdr. T.ark Arkitekta ehf. dags. 12. júní 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir lið 7.5, sbr. gr. 12 í gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
6. **Gufunes, reitur 1.4, (fsp) breyting á** (02.2) Mál nr. SN200440  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 7808  
Július Þór Júlíusson, Þrúðsalir 3, 201 Kópavogur  
500118-0670 Hoffell ehf., Þrúðsölum 3, 201 Kópavogur  
Lögð fram fyrirspurn Júlíusar Þórs Júlíussonar dags. 7. júlí 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufuness vega reits 1.4 sem felst í að fallið verður frá kröfu um salarhæð jarðhæðar og að ekki verði gerð krafa um inndregnar efstu hæðar á fimm hæða húsið eða hærri Einnig eru lögð fram frumdrög Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 24. febrúar 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
7. **Kjalarnes, breikkun hringvegjar frá** Mál nr. SN200444  
**Varmhólum að Vallá, framkvæmdaleyfi** Skjalnr. 10189  
Gunnar Sigurgeirsson, Nónhæð 6, 210 Garðabær  
680269-2899 Vegagerðin, Borgartúni 5-7, 105 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Vegagerðarinnar dags. 10. júlí 2020 um framkvæmdaleyfi vegna breikkunar á 4,1 km löngum kafla Hringvegjar frá Varmhólum að Vallá. Breikka á núverandi tveggja akreina veg í 2+1 veg með aðskildum akbrautum. Í verkinu er hringtorg, tvenn undirgöng úr stálplötum, áningastaður, hliðarvegir og stígar. Einnig er lagt fram teikningasett Verkís dags. 1. júní 2020, útboðs- og verklýsing Verkís dags. 1. júlí 2020 og álit Skipulagsstofnunar dags. 23. júní 2020 um mat á umhverfisáhrifum.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis skv. 5. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

8. **Kjalarnes, Esjumelar, breyting á** (34.2) Mál nr. SN190542  
*deiliskipulagi - R19070109* Skjalnr. 10184  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 4. ágúst 2020 þar sem tilkynnt er að stofnunin getur ekki tekið afstöðu til deiliskipulagsbreytingarinnar þar sem ekki liggur fyrir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um deiliskipulagsbreytinguna, sbr. lið í skilmálum breytingar á aðalskipulagi fyrir umrætt svæði (AT5a-b) sem staðfest var 2. september 2019.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
9. **Kjalarnes, Nesvík, deiliskipulag** Mál nr. SN190734  
Skjalnr. 10177  
660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík  
511202-3450 Íslenskar fasteignir ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga +Arkitekta að deiliskipulagi fyrir Nesvík á Kjalarnesi, sem felst í uppbyggingu á ferðaþjónustu á jörðinni. Áformin eru að reisa hótél og heilsulind með allt að 100 herbergjum auk 12 stakstæðra húsa sem verða leigð út sem gistirými og þjónustuð af hótelinu. Hönnun og frágangur miðar að því að halda í staðaranda Nesvíkur og falla sem best að landi, samkvæmt deiliskipulags- og skýringarupph. +Arkitekta ehf. dags. 26. mars 2020 br. 7. ágúst 2020. Einnig er lögð fram fornleifaskráning Fornleifastofnunar Íslands dags. 2019 og Húsakönnun Fornleifastofnunar Íslands dags. 2020. Tillagan var auglýst frá 27. maí 2020 til og með 8. júlí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Libra lögmenn, Ólafur Hvanndal Ólafsson, f.h. Bjarna Pálssonar dags. 7. júlí 2020. Einnig er lögð fram umsögn íbúaráðs Kjalarness dags. 19. júní 2020 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 16. júlí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. júlí 2020 og er nú lagt fram að nýju.  
*Leiðrétt bókun frá fundi 10. júlí 2020. Rétt bókun er:  
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra og skrifstofu sviðsstjóra.*
10. **Kjalarnes, Vallá, hæsnahús** Mál nr. SN130302  
Skjalnr. 10157  
540311-0560 Lögmenn Lækjargötu ehf., Lækjargötu 2, 101 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. júlí 2020 var lagt fram bréf Lögmanna Lækjargötu ehf. dags. 17. maí 2013 varðandi leyfi til byggingar hæsnahúss í landi Vallá á Kjalarnesi samkvæmt ákvæði til bráðabirgða 1 við skipulagslög nr. 123/2010. Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs 19. júní 2013 var samþykkt að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar fyrir framkvæmdinni í samræmi við 1. tl. ákvæðis til bráðabirgða í skipulagslögum nr. 123/2010. Erindi er lagt fram að nýju ásamt bréfi Skipulagsstofnunar dags. 17. júlí 2013. Erindinu var vísað til umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur og er nú lagt fram að nýju.  
*Umsagnarbeiðni dregin til baka.*
11. **Kjalarnes, Vallá, tillaga að matsáætlun** Mál nr. SN200449  
Skjalnr. 10157  
590269-5149 Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. júlí 2020 var lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 10. júlí 2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna tillögu Eflu, dags. 29. maí 2020, að matsáætlun varðandi fyrirhugaða endurnýjun búnaðar og aukna framleiðslugeta eggjabús Vallár á Kjalarnesi. Umsagnarfrestur er til 27. júlí 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísað til umsagnar heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.*

12. **Krókháls 7A, breyting á deiliskipulagi** (04.321.8) Mál nr. SN200191  
Skjalnr. 14243  
650319-0360 K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær  
591218-1580 Vallarbyggð ehf., Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 26. mars 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 7A við Krókháls. Í breytingunni felst að hæðarkóti byggingar er lækkaður til samræmis við Hestháls 14, byggingarreitur 1. hæðar er stækkaður til vesturs og austurs ásamt því að lengjast fjóra metra til suðurs, byggingarreitur 2. og 3. hæðar lengist til vesturs, nýtingarhlutfall lóðar hækkar úr 0.7 í 0.9, aðgengi að 1. hæð verður frá Hesthálsi, aðgengi að 2. og 3. hæð verður frá Krókhálsi o.fl. samkvæmt uppdr. K.J. ARK ehf. dags. 24. mars 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 7. júlí 2020 til og með 4. ágúst 2020. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 15. júlí 2020.  
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
13. **Krókháls 7 og Hestháls 15, (fsp) rekstur** Mál nr. SN200485  
*bifreiðasölu* Skjalnr. 7192  
510315-0220 Landberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Landbergs ehf. dags. 11. ágúst 2020 ásamt bréfi dags. 11. ágúst 2020 um hvort heimilt sé að vera með rekstur bifreiðasölu á lóðunum nr. 7 við Krókháls og 15 við Hestháls, samkvæmt uppdr./drög að hönnun Arkís arkitekta ehf. dags. 13. júlí 2020.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
14. **Rekagrandi 14, leikskóli, breyting á** (01.512.4) Mál nr. SN200275  
*deiliskipulagi* Skjalnr. 8337  
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 7. maí 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Eiðsgranda, miðsvæði, vegna lóðarinnar nr. 14 við Rekagrandu. Í breytingunni felst að lóð leikskólans stækkar ásamt því að girðingu verður breytt, afmarkaður er annars vegar byggingarreitur fyrir færanlegar stofur og hins vegar byggingarreitur fyrir möguleika á stækkun núverandi leikskóla til suðurs og vesturs ásamt því að 4 bílastæði í borgarlandi auk snúningsreits verður aflagt, samkvæmt uppdr. umhverfis- og skipulagssviðs dags. 21. apríl 2020. Tillagan var auglýst frá 9. júní 2020 til og með 21. júlí 2020. Engar athugasemdir bárust.  
*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*
15. **Súðarvogur 2, Kuggavogur 26 - 5-6 hæða** (14.521.01) Mál nr. BN057990  
*fjölbýlishús* Skjalnr. 8793  
520220-3210 Vogabyggð ehf., Pósthólf 8787, 108 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja sex hæða fjölbýlishús með 16 íbúðum, fjórum atvinnurýmum og bílgeymslu fyrir 16 bíla sem verður Kuggavogur 26 á lóð nr. 2 við Súðarvog.  
Erindi fylgir greinargerð aðalhönnuðar, brunahönnun frá Brunahönnun slf., dags. 21. júlí 2020 og hljóðvistarskýrsla frá Hljóðtæknilausnir dags. 25. júní 2020. Stærð mhl. 01, A-rými: 2.349 ferm., B-rými: 100,2 ferm. Mhl. 01 samtals: 2.449,2 ferm., 6.967,5 rúmm. Mhl. 02, djúpgámar: 22,1 ferm., 62 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
16. **Tunguháls 6, breyting á skilmálum** (04.342.1) Mál nr. SN200357  
*deiliskipulags* Skjalnr. 8857

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 5. júní 2020 ásamt greinargerð dags. 5. júní 2020 varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Hálsahverfis vegna lóðarinnar nr. 6 við Tunguháls. Í breytingunni felst að leyfilegt er að hækka nýtingarhlutfall lóðar í 1,1 ofanjarðar og að gera skal ráð fyrir 1 bílastæði á hverja 50 fm. fyrir skrifstofu og verslunarrými og 1 bílastæði á hverja 200 fm. í geymslum, vöruhúsum, verkstæðum eða tækjarýmum. Á það bæði við eldri og nýja byggingarhluta, samkvæmt tillögu THG Arkitekta ehf. dags. 5. júní 2020. Tillagan var grenndarkynnt frá 10. júlí 2020 til og með 7. ágúst 2020. Eftirtaldir sendu inn athugasemdir: Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. dags. 28. júlí 2020.

*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

17. **Úlfarsárdalur, Hólmsheiði, Almannadalur,** (02.6) Mál nr. SN200473  
*breyting á framkvæmdaleyfi* Skjalnr. 9615  
580804-2410 Landsnet hf., Gylfaflöt 9, 112 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. júlí 2020 var lagður fram tölvupóstur Landsnets dags. 21. júlí 2020 um breytingu á framkvæmdaleyfi sem gefið var út þann 19. júní 2020. Breytingin felst í að hnika til lagnaleið KO1 jarðstrengs á þremur stöðum á Hólmsheiði, skv. teikningum í tölvupósti landsnets dags. 21. júlí 2020. Einnig er lagt fram minnisblað Eflu dags. 11. ágúst 2020. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020.  
*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020 samþykkt.*
18. **Brautarholt 4-4A, Íbúðarhúsnæði og** (12.412.03) Mál nr. BN057715  
*þjónusta/verslun - BN052434* Skjalnr. 9198  
670716-0900 V Tólf Fasteignir ehf., Hófgerði 2, 200 Kópavogur  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. júlí 2020 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að innrétta 18 íbúðir á 2. - 4. hæð atvinnuhúss nr. 4, mhl. 01 á lóð nr. 4-4A við Brautarholt. Auk þess að byggja einnar hæðar viðbyggingu á baklóð, breyta núverandi skrifstofu- og iðnaðarhúsi í íbúðir annars vegar og verslun og þjónustu hins vegar ásamt því að stækka glugga og koma fyrir svölum á báðum hliðum og koma fyrir lyftu. Gert er að fyrir að þak á suðurhluta hússins verði rífið og einhalla þak í framhaldi af þaki á norðurhluta verður byggt í staðinn. Mænir þaks verður óbreyttur. Á baklóð verður bætt við 6 bílastæðum, samkvæmt uppd. T.ark Arkitekta ehf. dags. 21. febrúar 2017 síðast br. 25. júní 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020.  
Erindi fylgir greinargerð hönnuðar um algilda hönnun dags. 21. febrúar 2017 og samþykki meðlóðarhafa dags. 12., 13. og 18. maí 2020. Stækkun: 74,9 ferm., 278,5 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Neikvætt með vísa til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020.*
19. **Brautarholt 4-4A, skipting lóðar** (01.241.2) Mál nr. SN200313  
Skjalnr. 9198  
670716-0900 V Tólf Fasteignir ehf., Hófgerði 2, 200 Kópavogur  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 12. júní 2020 var lögð fram umsókn V Tólf Fasteigna ehf. dags. 20. maí 2020 varðandi skiptingu lóðarinnar nr. 4 og 4a við Brautarholt. Einnig lagt fram bréf V Tólf Fasteigna ehf. og PKdM Arkitekta dags. 28. apríl 2020 ásamt tillögu dags. 22. nóvember 2019. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
*Vísad til skipulags- og samgönguráðs.*
20. **Reykjahlið 8, Kvistur og svalir á rishæð** (01.701.307) Mál nr. BN057343  
Skjalnr. 10572  
Selma Rut Þorsteinsdóttir, Reykjahlið 8, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 2. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja kvisti, koma fyrir svölum á þaki og koma fyrir salerni á rishæð íbúðarhúss á lóð nr. 8 við Reykjahlíð. Erindi var grenndarkynnt frá 26. júní 2020 til og með 24. júlí 2020. Engar athugasemdir bárust.

Stækkun: 5.0 ferm., 11.6rúmm. Erindi fylgir fylgiskjal nr. 1, skýringarmynd tekin af vef Þjóðskrár 17. febrúar 2020, útskrift úr gerðarbók skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2019 og samþykki meðlóðarhafa þar sem vísað er til teikninga dagsettum 24. febrúar 2020. Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. maí 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 11. maí 2020. Gjald kr. 11.200

*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

*Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

21. **Rökkvatjörn 1, breyting á deiliskipulagi**

Mál nr. SN200107  
Skjalnr.

Ævar Rafn Björnsson, Dimmuhvarf 15, 203 Kópavogur  
550812-0100 Landris ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Ævars Rafns Björnssonar dags. 11. febrúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 1 við Rökkvatjörn. Í breytingunni felst að hæð húsa hækkar vegna aukinnar salarhæðar fyrir verslun og þjónusturými, íbúðum og bílastæðum fjölgað, stærð svala út fyrir byggingarreit stækkuð, heimild til að flytja byggingarmagn milli húsa innan lóðarinnar og fallið er frá kröfu um fjölda arkitekta á byggingum á lóðinni, samkvæmt tillögu Teiknistofunnar Traðar ehf. dags. 12. febrúar 2020. Tillagan var auglýst frá 9. júní 2020 til og með 21. júlí 2020. Engar athugasemdir bárust.

*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

22. **Dalhús 83-85, breyting á deiliskipulagi**

(02.847.4)

Mál nr. SN200401  
Skjalnr. 14192

Þórir Örn Ólafsson, Dalhús 85, 112 Reykjavík  
581298-3589 Kristinn Ragnarsson, arkit ehf., Hlíðasmára 19, 201 Kópavogur

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. júlí 2020 var lögð fram umsókn Kristins Ragnarssonar dags. 22. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Húsahverfis vegna lóðarinnar nr. 83-85 við Dalhús. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni þannig að hámarkstærð húss verður 238 m<sup>2</sup> í stað 210 m<sup>2</sup>, svalir geti verið allt að 1,9 m frá útvegg byggingarreits og að heimilt verði að yfirbyggja svalir á suðurhlíð, samkvæmt uppdr. Kristins Ragnarssonar, arkitekts ehf. dags. 14. ágúst 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Dalhúsum 79-81 og 87-93.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. og gr. 12 í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

23. **Grjótagata 5, (fsp) færsla á byggingarreit**

(01.136.5)

Mál nr. SN200387  
Skjalnr. 6670

410715-1120 Sei ehf., Garðastræti 11a, 101 Reykjavík  
Tryggvi Lárusson, Grjótagata 5, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Sei ehf. dags. 15. júní 2020 um að færa byggingarreit fyrir viðbyggingu á lóð nr. 5 við Grjótagötu, samkvæmt uppdr. Sei ehf. dags. 8. júní 2020.

*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

24. **Hverafold 1-5, (fsp) nr. 1-3 - setja svalir og**

(02.874)

Mál nr. SN200278  
Skjalnr. 7943

*breyta notkun*

Guðbjartur Ólafsson, Súluhöfði 28, 270 Mosfellsbær  
Jóhannes Stefán Ólafsson, Meistaravellir 5, 107 Reykjavík

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Guðbjarts Ólafssonar og Jóhannesar Stefáns Ólafssonar dags. 5. maí 2020 um að setja svalir á húsið á lóð nr. 1-3 við Hverafold ásamt breytingu á notkun hússins úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 14. ágúst 2020.

*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020.*

25. **Skólavörðustígur 31, Viðbygging** (01.182.238) Mál nr. BN055576  
Skjalnr. 13479  
Leifur Vilberg Orrason, Skólavörðustígur 31, 101 Reykjavík  
Orri Wilberg, Skólavörðustígur 31, 101 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. apríl 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu ásamt því að gera inndregnar svalir á eldri hluta í húsi á lóð nr. 31 við Skólavörðustíg. Erindi var grenndarkynnt frá 2. júní 2020 til og með 31. júlí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Guðbjörg Lilja Pétursdóttir dags. 25. júní 2020 og Sverrir Bjarnason dags. 29. júní 2020.  
Stækkun: 100,4 ferm., 280,3 rúmm. Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. maí 2018 við fsp. SN180306, umsögn Minjastofnunar dags. 5. júní 2018 og afrit af tölvupósti vegna fellingu trjáa dags. 14. júní 2018. Gjald kr. 11.000  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
26. **Spítalastígur 8, breyting á Aðalskipulagi** (01.184.1) Mál nr. SN200296  
Skjalnr. 8218  
*Reykjavíkur 2010-2030*  
570297-2289 LEX ehf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík  
Lögð fram umsókn Kristínar Sólness dags. 13. maí 2020 f.h. Guðrúnar Maríu Finnbogadóttur dags. 13. maí 2020 ásamt bréfi dags. 28. apríl 2020 um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2020. Í breytingunni felst að hluti Spítalastígs sem fasteignin Spítalastígur 8 tilheyrir þ.e. milli Bergstaðastrætis og Óðinsgötu verði gerður að aðalgötu.  
*Vísað til meðferðar deildarstjóra aðalskipulags.*
27. **Bræðraborgarstígur 3, (fsp) vinnustofur** Mál nr. SN200340  
Skjalnr. 12419  
520612-0330 HD verk ehf., Dísarási 19, 110 Reykjavík  
650319-0360 K.J.ARK slf., Hlíðarbyggð 15, 210 Garðabær  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa frá 12. júní 2020 var lögð fram fyrirspurn Kjartans Hafsteins Rafnssonar dags. 29. maí 2020 um byggingu nýrra vinnustofa á 1. hæð í garðinum á lóð nr. 3 við Bræðraborgarstíg, samkvæmt uppdr. K.J.ARK slf. dags. 26. maí 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags 14. ágúst 2020.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020.*
28. **Hraunbær 143, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (04.341.201) Mál nr. SN200471  
Skjalnr. 14316  
670510-0340 a2f arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík  
581281-0139 Húsvirki hf., Síðumúla 30, 108 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn a2f arkitekta ehf., dags. 20. júlí 2020, varðandi fjölgun íbúða og stækkun bílakjallara / bílageymslu á lóð nr. 143 við Hraunbæ. Einnig er lögð fram skýringarmynd ódags.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
29. **Kamsvegur 8, (fsp) bílageymsla, íbúð og geymslur** (01.352.6) Mál nr. SN200481  
Skjalnr. 11306

Egill Þorgeirsson, Kambsvegur 8, 104 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Egils Þorgeirssonar dags. 4. ágúst 2020 um byggingu 104,3 m<sup>2</sup> hús á lóð nr. 8 við Kambsvæg fyrir bilgeymslu, íbúð og tvær geymslur, samkvæmt uppdr. Hafsteins Kr. Halldórssonar dags. 12. maí 2019.

*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

30. **Kambsvegur 18, (fsp) breyting á notkun** (01.354.1) Mál nr. SN200457  
*húss* Skjalnr. 12866  
700896-2429 Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., Síðumúla 3, 108 Reykjavík  
520995-2429 Byggingafélagið Ögur ehf., Vesturvangi 48, 220 Hafnarfjörður  
Lögð fram fyrirspurn Vektor, hönnun og ráðgjöf ehf., dags. 15. júlí 2020, um að breyta tveimur verslunarrýmum á 1. hæð hússins á lóð nr. 18 við Kambsvæg í tvær íbúðir, samkvæmt uppdr. Vektor, hönnun og ráðgjöf, dags. 14. júlí 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. ágúst 2020.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. ágúst 2020.*
31. **Laugarásvegur 21, Bilskýli, útigeymsla,** (13.804.07) Mál nr. BN057649  
*skyggni o.fl. - Endurnýjun* Skjalnr. 13405  
Tómas Már Sigurðsson, Laugarásvegur 21, 104 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 19. maí 2020 þar sótt er um leyfi til þess að reisa bilskýli og útigeymslu við lóðarmörk, skyggni yfir aðalinngang einbýlishúss, ásamt breytingum tengdum endurskipulagningu lóðar, s.s. landmótun, uppsetningu stoðveggja og staðsetningu á heitum potti, bílastæðum o.fl. á lóð nr. 21 við Laugarásveg. Erindi var grenndarkynnt frá 29. júní 2020 til og með 27. júlí 2020. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lagt fram bréf Kristjáns Loftssonar og Auðbjargar Steinbach dags. 24. júlí 2020.  
Stækkun: 45.4 ferm., 136.2 rúmm. Erindi fylgir mæliblað 1.380.4 síðast breytt í ágúst 1971 og yfirlit breytinga. Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*  
*Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*
32. **Þórsgata 27, (fsp) breyting á deiliskipulagi** (01.181.3) Mál nr. SN200476  
Skjalnr. 11538  
Ólöf Pálsdóttir, Brúarflöt 6, 210 Garðabær  
Bjarni Frimann Karlsson, Þórsgata 27, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Ólafar Pálsdóttur, dags. 24. júlí 2020, ásamt greinargerð dags. 23. júlí 2020 og uppdr. dags. 23. júlí 2020, um að hækka ris einbýlishúss á lóð nr. 27 við Þórsgötu um 1,5 metra, bæta við nýjum kvistum á framhlið og bakhlið, ásamt svölum og tröppum á bakhlið. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. ágúst 2020.  
*Neikvætt, með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 12. ágúst 2020.*
33. **Ármúli 5, (fsp) breyting á notkun efri hæða** (01.262.0) Mál nr. SN200445  
*hússins* Skjalnr. 10967  
700316-0250 Noland Arkitektar ehf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík



520517-1110 N2428 ehf., Hrafnshöfða 25, 270 Mosfellsbær

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Noland Arkitekta ehf. dags. 10. júlí 2020, ásamt bréfi móttekið 10. júlí 2020, um breytingu á notkun efri hæða hússins nr. 5 við Ármúla úr atvinnuhúsnæði í íbúðarhúsnæði. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020.

*Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020 eru ekki gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað.*

34. **Funafold 49, (fsp) stækkun húss** (02..86.1.305) Mál nr. SN200484  
Skjalnr. 11841

Sylvía Heiður La Voque, Funafold 49, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Silvíu Heiðar La Voque dags. 5. ágúst 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 49 við Funafold sem felst í að byggja við húsið til vesturs, samkvæmt uppdr. Eflu ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020 samþykkt.*

35. **Skipholt 1, (fsp) gera íbúðir í stað hótels** (01.241.2) Mál nr. SN200477  
Skjalnr. 13462

Ásdís Halla Bragadóttir, Bjarkargata 2, 101 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ásdísar Höllu Bragadóttur, dags. 29. júlí 2020, um að gera íbúðir í húsinu á lóð nr. 1 við Skipholt í stað hótels. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020 samþykkt.*

36. **Spöngin eining G, Spöngin 3-5/Móavegur 2 og 4, breyting á deiliskipulagi** (02.376) Mál nr. SN200375  
Skjalnr. 7590

560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Yrki arkitekta ehf. dags. 11. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Spangarinnar einingu G vegna lóðanna nr. 3-5 við Spöngina og 2 og 4 við Móaveg. Í breytingunni felst að heimilt verði að girða fyrir sérafnotafleti íbúða á jarðhæð á alla vegu, samkvæmt tillögu Yrki arkitekta ehf. ódags.

*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

37. **Vættaborgir 55-57, (fsp) sólskáli** (02.343.2) Mál nr. SN200482  
Skjalnr. 14319

Hafliði Halldórsson, Vættaborgir 55, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Hafliða Halldórssonar dags. 31. júlí 2020 um að setja ca. 12 m<sup>2</sup> sólskála inn á núverandi svalir hússins nr. 55 á lóð nr. 55-57 við Vættaborgir, samkvæmt tillögu sem er skissuð inn á samþykktu byggingarleyfisumsókn.

*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*

38. **Bragagata 23, Svalir - þakgluggi** (11.862.23) Mál nr. BN057754  
Skjalnr. 13760

270692-3119 Hrafnkell Flóki K. Einarsson, Bragagata 23, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 28. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til þess að setja svalir á vesturgafli íbúða 0101 og 0201 og bæta við þakglugga á suðurþekju íbúðarhúss á lóð nr. 23 við Bragagötu. Erindi fylgir ódagsett samþykki meðeigenda og afrit af umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. maí 2020, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 7. júlí 2020 og umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 14. júlí 2020.

Gjald kr. 11.200

*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Bragagötu 21, 22, 22a og 24 og Nönnugötu 3a.*

*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*

39. **Fannafold 147, (fsp) hækkun húss** (02.851.6) Mál nr. SN200479

Skjalnr. 14318

Ólafur Arnar Friðbjörnsson, Fannafold 147, 112 Reykjavík

Lögð fram fyrirspurn Ólafs Arnars Friðbjörnssonar dags. 28. júlí 2020 um hækkun hússins á lóð nr. 147 við Fannafold. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020.

*Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. ágúst 2020 samþykkt.*

40. **Stangarholt 4, Bílgeymsla** (01.246.002) Mál nr. BN057607

Skjalnr. 14182

Einar Þór Bjarnason, Sigurhæð 5, 210 Garðabær  
Íðunn Lára Ólafsdóttir, Sigurhæð 5, 210 Garðabær  
Nói Steinn Einarsson, Stangarholt 4, 105 Reykjavík  
Ingunn Eyþórsdóttir, Stangarholt 4, 105 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 30. júní 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja bílskúr, sem verður mhl. 02 á lóð nr. 4 við Stangarholt. Erindi var grenndarkynnt frá 15. júlí 2020 til og með 12. ágúst 2020. Engar athugasemdir bárust.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. júní 2020 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. júní 2020. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. júní 2020. Stærð: 60,0 ferm., 202,8 rúmm. Gjald kr. 11.200

*Samþykkt með vísan til viðauka um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

*Vísad til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.*

41. **Austurstræti 4, breyting á deiliskipulagi** (01.140.4) Mál nr. SN200448

Skjalnr. 11734

431005-0340 Arktíka ehf., Blönduhlíð 7, 105 Reykjavík  
650269-6839 Thorvaldsensfélagið, Austurstræti 4, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arktíka ehf. dags. 13. júlí 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðar nr. 4 við Austurstræti. Í breytingunni felst að afmarkaður er nýr byggingarreitur á 2. hæð yfir núverandi portbyggingu, ásamt því að byggingarmagn á lóð eykst, samkvæmt uppdr. Arktíka ehf. dags. 10. júlí 2020. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 30. júní 2020.

*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*

*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*

42. **Ánaland 2-4, breyting á deiliskipulagi** (01.847.8) Mál nr. SN200295

Skjalnr. 14260

430707-1670 Studio F ehf, Kelduhvammí 6, 220 Hafnarfjörður

140976-4749 Íris Baldursdóttir, Ánaland 2, 108 Reykjavík

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Friðriks Friðrikssonar dags. 13. maí 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Eyrarlands vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Ánaland. Í breytingunni felst að stækka byggingarreit lóðarinnar til suðurs og austurs til að koma fyrir einnar hæðar viðbyggingu við húsið með þaksvölum, samkvæmt uppdr. Studio F ehf. Við breytinguna fer nýtingarhlutfall lóðar úr 0.41 í 0.43. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. maí 2020. Erindi var grenndarkynnt frá 26. júní 2020 til og með 24. júlí 2020. Engar athugasemdir bárust.

*Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.*

43. **Barónsstígur 3, (fsp) breyting á notkun hússins** (01.154.4) Mál nr. SN200358 Skjalnr. 14284  
Kjartan Jónsson, Barmahlíð 32, 105 Reykjavík  
541004-2460 Múltikúlti ehf., Barónsstíg 3, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Kjartans Jónssonar dags. 6. júní 2020 um breytingu á notkun hússins á lóð nr. 3 við Barónsstíg úr atvinnuhúsnaði í íbúðarhúsnaði og gera þar tvær íbúðir.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
44. **Krummahólar 6, staðsetning ökutækjaleigu** (04.645.2) Mál nr. SN200486 Skjalnr. 10098  
540513-1040 Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík  
Lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 31. júlí 2020 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Rumvydas Rutkauskas f.h. Riji Campers ehf. um að reka ökutækjaleigu að Krummahólum 6. Sótt er um leyfi fyrir 1 ökutæki í útleigu.  
*Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.*
45. **Árskógar 1-3, (fsp) þakskýli yfir innkeyrsluhurð** (04.912.1) Mál nr. SN200406 Skjalnr. 13650  
Páll Trausti Jörundsson, Árskógar 3b, 109 Reykjavík  
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. júlí 2020 var lögð fram fyrirspurn Páls Trausta Jörundssonar dags. 18. júní 2020 ásamt greinargerð/lýsingu á framkvæmd ódags. um byggingu þakskýlis yfir innkeyrsluhurð að innanverðu bílskýli á lóð nr. 1-3 við Árskóga. Einnig er lagt fram minnisblað Mannvits dags. 11. júní 2020 um reykmyndun í bílgeymslu, minnkun reyklosunar dags. 11. júní 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju.  
*EKKI ERU GERÐAR skipulagslegar athugasemdir við erindið.*
46. **Grímshagi 8, Byggja tvöfaldan bílskúr** (15.542.05) Mál nr. BN057819 Skjalnr. 14275  
Dóra Gunnarsdóttir, Grímshagi 8, 107 Reykjavík  
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. júlí 2020 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tvöfaldan bílskúr úr staðsteyptri steypu með timburþaki með þakdúk á lóð nr. 8 við Grímshaga, samkvæmt uppdr. Mansard teiknistofu ehf. dags. 10. júní 2020. Einnig er lögð fram aðaluppdr./afstöðumynd dags. 26. júlí 2020 og skuggavarpuppdráttur Mansard teiknistofu ehf. dags. 6. ágúst 2020. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.  
Stærð viðbyggingar er: 48 ferm., 129,6 rúmm. Gjald kr. 11.200  
*Samþykkt að grenndarkynna framlagða byggingarleyfisumsókn fyrir hagsmunaaðilum að Tómasarhaga 7 og 9, Fálkagötu 7, 9, 11, 13 og 13a og Grímshaga 4 og 6.*  
*Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 8.1. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.*
47. **Háskóli Íslands, Vísindagarðar, breyting á deiliskipulagi** (01.63) Mál nr. SN200370 Skjalnr. 9008  
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

510615-0690 Fasteignafélagið Eyjólfur ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur

Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 10. júní 2020 ásamt bréfi dags. 10. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða vegna lóðarinnar nr. 15-21 við Sæmundargötu (lóð A). Í breytingunni felst að sunnan við hús er komið fyrir bílarampa niður í bílakjallara. Í bílakjallara undir nýbyggingu er gert ráð fyrir 73 bílastæðum sem eingöngu eru hugsuð fyrir rafbíla. Samtals er fjöldi bílastæða í bílageymslu neðanjarðar 100 talsins, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 10. júní 2020. Einnig er lagt fram skýringarhefti ódags. Tillagan var grenndarkynnt frá 26. júní 2020 til og með 24. júlí 2020. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Magnús Orri Einarsson f.h. Félagsstofnun Stúdentastofnunar/Stúdentagarða dags. 24. júní 2020 og 14. júlí 2020.

*Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.*

48. **Nýr Landspítali við Hringbraut, breyting á** (01.19) Mál nr. SN200472  
Skjalnr. 12506  
*deiliskipulagi*  
Þorkell Magnússon, Laxatunga 1, 270 Mosfellsbær  
600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102  
Lögð fram umsókn Háskóla Íslands dags. 22. júlí 2020, varðandi breytingu á deiliskipulagi Nýs Landspítala við Hringbraut. Í breytingunni felst að bæta aðgengi fyrir hreyfihamlaða að Eirbergi (nr. 16), húsi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Annars vegar að gerður nýr byggingarreitur fyrir lyftuhúsi ásamt anddyri í suðvesturverk ásamt því að koma fyrir útitröppum og hins vegar að gerður er nýr byggingarreitur fyrir pallalyftu í norðausturverk, samkvæmt uppdr. Spítal dags. 22. júlí 2020.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*  
*Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1231/2018.*
49. **Húsnæðismál/uppbygging, húsnæði fyrir** Mál nr. SN200490  
Skjalnr. 14045  
*löggæslu og viðbragðsaðila á*  
*höfuðborgarsvæðinu - R20070100*  
540169-6249 Félagsstofnun stúdentastofnunar, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík  
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík  
Lagt fram erindi skrifstofu borgarstjórnar dags. 22. júlí 2020 þar sem erindi Framkvæmdasýslu ríkisins dags. 10. júlí 2020 varðandi markaðskönnun og afstöðu Reykjavíkurborgar til húsnæðis fyrir starfsemi löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu er sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar. Einnig er lögð fram skýrsla Framkvæmdasýslu ríkisins dags. 1. maí 2020 og kynning Framkvæmdasýslu ríkisins sem haldin var á opnum fundi 2. júlí 2020.  
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.*
50. **Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.** Mál nr. SN200326  
Skjalnr. 5987  
**Ellidaárvogur - smábátahöfn, breyting á**  
*aðalskipulagi - Strandsvæði ST9 - breyting á*  
*hafnargarði.*  
Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 5. ágúst 2020 þar sem gerðar eru athugasemdir við skipulagstillöguna. Stofnunin gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga, þegar brugðist hefur verið við athugasemdum og ábendingum stofnunarinnar sem fram koma í bréfi.  
*Vísad til meðferðar hjá deildarstjóra aðalskipulags.*

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:00.

Björn Axelsson

Helena Stefánsdóttir